



Marka þarf stefnu varðandi umhverfisskatta og grænar ívilnanir

Skattadagurinn 11. janúar 2024 | Guðbjörg Þorsteinsdóttir, lögmaður og meðeigandi

Ísland er skuldbundið af metnaðarfullum markmiðum í loftslagsmálum



ESB stefnir að kolefnishlutleysi Evrópu fyrir 2050

Græni sáttmáli ESB miðar að því að umbreyta áskorun í einstakt tækifæri með því að minnka losun gróðurhúsalofttegunda um 55% árið 2030 og ná hlutleysi í loftslagsmálum árið 2050 með yfirgripsmiklum stefnum og aðgerðarsviðum



1

Íslensk stjórnvöld hafa sett sér metnaðarfull markmið um kolefnishlutleysi í loftslagsmálum árið 2040

2

Árangur þeirra aðgerða veltur á stórum hluta á atvinnulífinu og samstarfi við stjórnvöld – losunarmarkmið fyrir hvern geira

3

Takmarkaðir jákvæðir beinir hvatar til að ýta undir markvissar aðgerðir fyrirtækja

4

Innleiðing umfangsmikils ESB-regluverks kallar á mikla fjárfestingu fyrirtækja í ferlum og miðlun upplýsinga


5

Tækifæri til að gera betur á þessu sviði til að hraða þeim umskiptum sem við viljum sjá í loftslagsmálum

Hvaða hlutverk spilar skattkerfið í umhverfismálum?




Stýritæki




Hafa áhrif á fjárfestingarákvarðanir

Hvatar og fjárfestingar í mótvægisaðgerðum

Auðlindagjöld



Leiðréttu hegðun






Umwervisskattar...

eru skattar á vörur eða starfsemi sem hefur neikvæð áhrif á umhverfið.

Fjórir flokkar samkvæmt OECD og Eurostat:

- 1) Orkuskiattar
- 2) Flutningsskiattar
- 3) Mengunarskiattar
- 4) Auðlindaskiattar



Grænar skattaívilnanir...

eru hvatar fyrir fyrirtæki að tileinka sér sjálfbæra viðskiptaferla og fyrir einstaklinga að stunda sjálfbæra hegðun eða fjárfestingar.

Skattaívilnanir geta t.d. falið í sér skattaundanþágur eða lækkuð skatthlutföll sem miða að því að efla endurvinnslu, draga úr orkunotkun eða notkun flutningsmáta með takmarkaðri losun.

Margvísleg dæmi um umhverfisskatta á Íslandi




Flutningskattar

Mengunarskattar

Orkuskattar

Auðlindaskattar




Skattar sem tengjast bifreiðaeign vega þyngst en auðlindaskattar langminnst



Umhverfisskattar á Íslandi eftir flokkum

Milljónir króna

■ Orkuskipti ■ Flutningsskipti ■ Mengunarskipti ■ Auðlindaskattar




Hagstofa Íslands

Veiðigjöld eru ekki skilgreind sem auðlindaskattur samkvæmt Eurostat en þau námu 4,8 ma.kr. á árinu 2020, 7,9 ma.kr. á árinu 2021 og 7,9 ma.kr. á árinu 2022 (Heimild: Gagnagrunnur Deloitte, Fiskistofa og Hagstofa Íslands)




Greiðendur umhverfisskatta 2020

Samanburður á milli Norðurlandanna



Gögn um skattbyrði erlendra aðila í Noregi liggja ekki fyrir.

Umhverfisskattar eru sambærilegir hjá hinum Norðurlöndunum



Heimild: World Bank Carbon Pricing Dashboard | 2023



Danmörk hefur sett sér metnaðarfulla græna skattastefnu (grøn skattereform)

- Umtalsverðar hækkarnir á kolefnissköttum.
- Beinir jákvæðir hvatar til atvinnufyrirtækja til að styðja við orkuskiptin.



Noregur er með háa umhverfisskatta og grænar ívilnanir fyrir rafmagnsbíla

- Hár kolefnisskattur, NOx, Sulphur, HFC og PFC – og fleiri skattar á losun og mengun.
- Ríflegar VSK-ívilnanir og aðrir skattaafslættir af rafmagnsbifreiðum sem nú er verið að draga úr en nokkrar ívilnanir sitja eftir fyrir rafmagnsbifreiðar, s.s. tolla- og vegaafslættir.



Svíþjóð með hæstu umhverfisskattana

- Hár kolefnisskattur, NOx, Sulphur, HFC og PFC – og fleiri skattar á losun og mengun.
- Grön Teknik: 20% skattafláttur fyrir sólarrafhlöður og 50% fyrir rafhlöður og rafhleðslustöðvar.




Samræmdar stefnur í skattamálum

Samræma stefnur í skattamálum að græna sáttmálanum og endurskoða orkuskattatilskipunina (EU Energy Taxation Directive) með það markmið að stuðla að frekari notkun á hreinni tækni og fjarlægja undanþágur og lækkuð gjöld sem tengjast jarðefnaeldsneyti.


Kolefnisskattur yfir landamæri (CBAM)

Ráðstafanir til að koma í veg fyrir „kolefnisleka“ til ríkja utan EU með nýrri reglugerð um kolefnisskatta yfir landamæri (CBAM), sem leggur kolefnisskatt á innflutning á tilteknum vörum.

Það eru margar áskoranir í tengslum við umhverfisskatta




Í sumum Evrópulöndum (Ítalía, Spánn, Bretland, Belgía og Þýskaland) eru háir skattar á rafmagni vs. jarðefnaeldsneyti.




Flugfélög eru sum hver að jafna sig eftir tekjutap í COVID og erfiðara að fjárfesta í umhverfisvænni tækni eða eldsneytisgjöfum samhliða aukinni skattlagningu.



Sum mið-Evrópuríki reiða sig að miklu leyti á kolanotkun við húshitun og bera fyrir sig að aukin skattheimta komi of mikið niður á almenningi í þegar krefjandi verðbólgu-aðstæðum.



Skattlagning á þungaflutninga mætir andstöðu í mið-Evrópuríkjum.



Lönd hafa mismunandi hagsmuna að gæta gagnvart skipaflutningum eða fiskveiðum.

Grænar ívilnanir hafa flestar runnið sitt skeið



Umhverfisvæn ökutæki



Lögaðila eða einstaklingi í atvinnurekstri var á tímabilinu **1. janúar 2020 til og með 31. desember 2023** heimilt að fyrna **umhverfisvæn ökutæki** að fullu á kaupári þess niður að niðurlagsverði.

VSK-undanþágur vegna rafhjóla, rafmagns- og vetnisbifreiða féllu niður í **árslok 2023**.

VSK- undanþágur



Fyrningarálag á lausafé



Heimilt að reikna **sérstakt fyrningarálag** á umhverfisvænar eignir (lausafé) sem aflað er á árunum **2021-2025**.

Vörugjöld á ökutæki



VSK-undanþága vegna uppsetningar á heimahleðslustöð féll niður í **árslok 2023**.

Heimahleðsla



Undanþága vörugjalds vegna ökutækja sem knúin eru metan, metanól, rafmagn eða vetni, þ.m.t. ökutæki til vöruflutninga í atvinnuskyni. **Uptaka kílómetragjalds 2024.**

Eftir situr ansi takmarkaður fjöldi grænna ívilnana til að styðja við mótvægisaðgerðir



1,5% frádráttur frá tekjuskatti lögaðila vegna styrkja til verkefna sem stuðla að kolefnisjöfnun



Skattafrádráttur einstaklinga vegna styrkja til almannaheillafélaga 10.000 kr. – 350.000 kr.



Skattfrelsi styrkja vegna kaupa á rafmagnsbifreiðum eða húsahtunar-kostnaðar



Skattfrjálsar samgöngugreiðslur 10.500 kr. á mánuði



Hvers vegna þessar stefnubreytingar frá grænum ívilnunum?



Styrkir úr orkusjóði vegna kaupa á rafmagnsbílum

Orkusjóður veitir einstaklingum og fyrirtækjum styrk vegna kaupa á rafbílum.

Styrkurinn er 900.000 kr. vegna nýrra fólksbíla og 500.000 kr. fyrir nýjar sendibifreiðar, og á bilinu 400-700.000 kr. vegna notaðra bifreiða erlendis frá.

Bílarnir þurfa að:

- vera nýskráðir á Íslandi eftir 1. janúar 2024
- kosta minna en 10 milljónir
- vera losunarfrí ökutæki með engan útblástur

Ætlað að styðja við hugmyndafræði um „réttlát umskipti“ þar sem styrkur vegna ódýrustu rafbíla er hlutfallslega hærri.

Kílómetragjald

Eigendur rafmagns-, vetnis- og tengiltvinnbíla greiða kílómetragjald árið 2024:

- 6 krónur á hvern kílómetra fyrir rafmagnsbíla og vetnisbíla
- 2 krónur á hvern kílómetra fyrir tengiltvinnbíla

Sé miðað við 14 þúsund kílómetra akstur á ári getur gjaldið verið 7.000 kr. á mánuði eða 84.000 kr. á ári.

Ætlað að fjármagna vegakerfið/samgöngubætur.


Að mati starfshóps væri stuðningur í formi beinna útgjalda markvissari en skattaívilnanir




Febrúar 2023

Skattar og skattaívilnanir á sviði umhverfismála

Skýrsla starfshóps
fjármála- og efnahagsráðherra



Stjórnarráð Íslands
Fjármála- og efnahagsráðuneytið



Kolefnisgjaldið hækkar í áföngum til 2030.

Hækkun vörugjalda og hærri skattlagning á dísel vs. bensín vegna hærri losunar koltvísýrings.

Skattlagning bíla, þ.m.t. þyngri bíla verður endurskoðuð, m.a. vegna áhrifa á niðurbrot á vegum.

Nýtt stuðningskerfi fyrir almenning og fyrirtæki þegar VSK-ívilnun fyrir hreinorkubíla rennur sitt skeið. Litið til þess að stuðningurinn nýtist í meira mæli tekjulægri heimilum.

Styrkir til bílaleiga í gegnum Orkusjóð.

Stuðningur við orkuskipti í sjávarútvegi og flugi verði í formi útgjalda í stað skattalegra ívilnana, t.d. með fjárfestingarstyrkjum frá Orkusjóði eða lánum.

Aukið fjármagn í Orkusjóð og rannsóknarsjóði til að styrkja rannsóknir, þróun, nýsköpun og fjárfestingu á sviði vistvænnar mannvirkjagerðar.

Við endurskoðun VSK-laga mætti líta til möguleika á vistvænum hvötum við byggingu, endurbætur og viðhald húsnæðis.



Vel útfærðar skattaívilnanir hafa þann möguleika að auka fjárfestingar með jákvæðum áhrifum á framleiðslu og framleiðni, auk þess sem þau geta náð markmiðum á sviði sjálfbærni.

Heimild: OECD Investment Tax Incentives Database 2022



OECD metur stuðning ríkisins við rannsóknir og þróun fyrirtækja árangursríkan



Í nýrri úttekt sem OECD vann að beiðni fjármála- og efnahagsráðherra og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra er lagt mat á áhrif skattaafsláttar til fyrirtækja vegna rannsókna og þróunar á Íslandi í samræmi við [lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki](#).

Stuðningur við rannsóknir og þróun hefur aukist hvað mest hér á landi í samanburði við önnur OECD lönd. Stuðningurinn fór úr því að vera 0,07% af vergri landsframleiðslu árið 2006 í rúmlega 0,42% árið 2020.



4.1.2024

2,9 milljarðar í endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á árinu 2023

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar hérlendis numu 2,9 milljörðum króna á árinu 2023.

Verkefni sem nutu endurgreiðslu voru 87 og velta þeirra hérlendis nam 11,2 milljörðum króna. Gjaldreyristekjur vegna erlendar fjármögnunar þeirra numu 4,3 milljörðum.

Taflan að neðan gefur yfirlit yfir fjölda verkefna og fjárhæð endurgreiðslna á árinu í milljónum króna:

Endurgreiðslur ársins 2023 - fjárhæðir í milljónum króna


	Fjöldi verkefna	Velta hérlendis	Erlend fjármögnun	Endurgreiðsla
Innlend	71	8.487	2.307	2.133
Erlend	16	2.716	2.008	735
	87	11.203	4.315	2.868

Hraða þarf aðgerðum og marka skilvirka stefnu í umhverfissköttum og grænum ívilnunum



Besti tíminn til að gróðursetja tré var fyrir 20 árum.
Næstbesti tíminn er núna.

Kínverskt máltæki





Takk fyrir!

Deloitte ehf. og Deloitte Legal ehf. eru hlutdeildarfélag Deloitte NSE LLP sem er aðildarfélag Deloitte Touche Tohmatsu Limited („DTTL“). DTTL (einnig vísað til sem „Deloitte á alþjóðavísu“) og hvert aðildarfélag þess eru lagalega aðskildir og sjálfstæðir lögaðilar, sem geta hvorki skyldað eða skuldbundið hvort annað gagnvart þriðja aðila. DTTL og hvert DTTL aðildarfélag og tengd félög eru aðeins ábyrg fyrir eigin athöfnum og aðgerðaleyzi, en ekki hvors annars. DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. Fyrir frekari upplýsingar; www.deloitte.com/about.

Deloitte Legal ehf. er lögmannsstofa á Íslandi. Deloitte Legal vörumerkið vísar til lögmannsstofa aðildarfélaga DTTL og tengdra félaga þeirra sem veita lögmannsþjónustu og skatta- og lögfræðiráðgjöf. Eðli og umfang þeirra verkefna er breytilegt milli lögsagna, í samræmi við staðbundnar reglur. Deloitte Legal aðildarfélögin eru lagalega aðskildir og sjálfstæðir lögaðilar sem geta ekki skuldbundið hvern annan gagnvart þriðja aðila. Hvert Deloitte Legal aðildarfélag er því eingöngu ábyrgt fyrir eigin athöfnum en ekki annarra Deloitte Legal aðildarfélaga. Vegna ólíkra staðbundinna reglna þá veita ekki öll aðildarfélög Deloitte lögfræðiráðgjöf.

Þessar upplýsingar eru almenns eðlis og eru Deloitte Touche Tohmatsu Limited („DTTL“), alþjóðlegt net aðildarfélaga þess og tengd félög þeirra (sameiginlega vísað til sem „félög Deloitte“) ekki að veita sérfræðiráðgjöf eða þjónustu við veitingu þeirra. Ráðfærðu þig við fagaðila áður en þú tekur ákvörðun eða grípur til aðgerða sem gætu haft áhrif á fjármál þín eða viðskipti.

Engar yfirlýsingar, ábyrgðir eða skuldbindingar (sem lýst er yfir eða gefnar eru í skyn) eru gefnar um hversu nákvæmar eða fullnægjandi upplýsingarnar sem veittar eru í þessum samskiptum eru, og DTTL, aðildarfélög þess, tengd félög, starfsmenn eða aðrir fulltrúar skulu ekki vera gerð ábyrg fyrir hverskyns tjóni sem kann að verða beint eða óbeint hjá þeim sem reiðir sig á þessar upplýsingar. DTTL, hvert aðildarfélag þess, og tengd félag, eru lagalega aðskildir og sjálfstæðir aðilar.

© 2024 Deloitte Legal ehf. Nánari upplýsingar má nálgast hjá Deloitte Legal ehf.